

**Ed.**

**503. Frumvarp til laga**

**[237. mál]**

um lögreglumenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

**1. gr.**

Ríkið heldur uppi starfsemi lögregluliðs, sem hefur það verkefni að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, stemma stigu við lögbrotum og vinna að uppljóstrun brota, sem framin eru, samkvæmt því, sem nánar greinir í V. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961.

**2. gr.**

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn lögreglunnar, en lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi.

Sýslumenn eru lögreglustjórar í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir, fara þeir með lögreglustjórn í umdæmi sínu.

Ráðherra getur ákveðið, að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu. Hann setur reglur um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttað.

**3. gr.**

Ráðherra ákveður tölu lögreglumanna í hverju umdæmi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Ráðherra setur reglur um störf og starfssvið lögreglumanna og skipar þá í störf sín. Hann getur og sett reglur um starfsstig innan lögregluliðs.

Ekki má skipa í fast lögreglumannsstarf, nema fé hafi verið veitt til þess í fjárlögum, bæði að því er varðar tölu lögreglumanna og starfsstig.

Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt, öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið umfram hið fasta lögreglulið, getur hann bætt við varalögreglumönnum um afmarkaðan tíma. Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

**4. gr.**

Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Tollverðir, sem voru í starfi fyrir gildistöku laga nr. 56/1963, verða þó ekki kvaddir til lögreglustarfa gegn vilja sínum.

Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða, með samkomulagi við fjármálaráðherra, að lögreglumenn skuli gegna tollgæzlustörfum jafnframt öðrum löggæzlu-

störfum, eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum, sem settar eru í samráði við tollgæzlustjóra. Þar sem slík starfstilhögun er ákveðin, skal þess getið við auglýsingu á lögreglumannsstarfi.

**5. gr.**

Lögreglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

**6. gr.**

Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra mælt svo fyrir, að lögreglulið skuli gegna löggæzlustörfum utan umdæmis síns, og ákveður þá jafnframt, hver skuli fara með stjórn þess.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á þeim stað, sem lið er flutt frá.

**7. gr.**

Að fengnum tillögum sýslunefndar er ráðherra heimilt að ákveða, að í lög-sagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæzlustörfum, þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

Ráðherra setur reglur um störf héraðslögreglumanna og um greiðslu kostnaðar vegna þeirra.

Lögreglustjóri getur heimilað héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til þess að halda uppi reglu á skemmtistöðum.

**8. gr.**

Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og skal þá leyfishafi greiða kostnað af þeirri löggæzlu, samkvæmt reglum, sem ráðherra setur.

Enn fremur má í slíkum reglum kveða á um greiðslu kostnaðar af gæzlustörfum vegna framkvæmda á almannaferi, þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæzlu.

**9. gr.**

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skal að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöðu en þá, er staðizt hafa próf í skólanum. Framhaldsnámskeið skulu haldin svo oft sem aðstæður leyfa. Heimilt er og að efna til lögreglunámskeiða utan Reykjavíkur.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun í lögregluskólanum og prófkröfur.

**10. gr.**

Lögreglumenn má ekki nota til að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annars staðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

**11. gr.**

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann ákveður, hver skuli vera einkenni og búnaður lögreglumanna, og setur reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði kostnað við framkvæmd laga þessara, sem ekki er samkvæmt lögnum greiddur af öðrum aðilum.

13. gr.

Frá 1. janúar 1972 greiðist kostnaður við starfsemi lögreglunnar, sem áður var greiddur af sveitar- eða sýslufélögum, úr ríkissjóði. Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði, til þess tíma er ákveðið verður, með samkomulagi aðila, að kostnaðargreiðslur færast til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.

Lögreglumenn, sem verið hafa í þjónustu sveitar- eða sýslufélags, eiga kost á því til ársloka 1973 að gerast starfsmenn ríkisins með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja. Lögreglumaður, sem ekki kys þessa leið, skal teljast vera áfram starfsmaður sveitar- eða sýslufélagsins með kjörum skv. gildandi kjarasamningi óbreyttum til loka gildistíma hans.

Sveitar- eða sýslufélagi er óheimilt að gera breytingar á þeim samningi eða gera sérsamninga við lögreglumenn, enda fer um almennar breytingar á þeim kjarasamningum eftir reglum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Um mál þeirra lögreglumanna, sem ekki kjósa að gerast ríkisstarfsmenn fyrir 31. desember 1973, þegar gildistíma núgildandi kjarasamnings þeirra lýkur, skal farið eftir almennum reglum um niðurlagningu stöðu í 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

14. gr.

Ríkið tekur við, án sérstakrar greiðslu, þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til.

Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því. Ef afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, ráðstafa eignaraðilar sameiginlega slíkum fasteignum.

Ríkið tekur við fullnustu leigusamninga, sem sveitar- eða sýslufélög hafa gert í þágu lögreglunnar. Um aðrar óloknaðar skuldbindingar sveitar- eða sýslufélags vegna ráðstafana í þágu lögreglunnar fer eftir samkomulagi aðila og má leggja ágreining undir mat dómkvaddra manna.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 56 20. apríl 1963, um lögreglumenn.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í tengslum við athugun á skiptingu tekjustofna milli ríkisins og sveitarfélaganna hefur, í viðræðum milli fulltrúa þessara aðila, verið um það rætt að rétt væri, að ríkið bæri allan kostnað af almennri löggæzlu í landinu. Komizt var að niðurstöðu um þetta efni áður en fjárlög ársins 1972 voru afgreidd á Alþingi í desember 1971, og var í þeim tekin upp fjárveiting til löggæzlu, sem við það var miðuð, að kostnaður af henni yrði allur greiddur úr ríkissjóði á árinu 1972. Samfara þessari tilfærslu löggæzlukostnaðar er nauðsynlegt að breyta lögum um lögreglumenn, en lögreglumennirnir eru samkvæmt gildandi lögum flestir starfsmenn sveitarfélaga, þótt embættismenn ríkisins, lögreglustjórnir, stýri störfum þeirra, en þeir lúta aftur yfirstjórn ráðherra. Þar sem þær breytingar, sem eðlilegt er að gerðar verði á lögnum, snerta flestar greinar gildandi lögreglumannalaga, hefur þótt rétt að semja lögina að nýju í heild.

Verður gerð grein fyrir breytingum frá gildandi lögum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um verkefni lögregluliðs, en samsvarandi ákvæði eru ekki í núgildandi lögum um lögreglumenn. Er eðlilegast að slík almenn ákvæði séu í þessum lögum, en ekki einvörðungu í lögum um meðferð opinberra mála, sem einnig er vísað til í greininni.

#### Um 2. gr.

Hér eru markaðar reglur um yfirstjórn lögreglunnar með skýrari hætti en í gildandi lögum, en í núgildandi lögum um lögreglumenn eru engin ákvæði um það efni, og aðeins að nokkru leyti í lögum um meðferð opinberra mála. Þau ákvæði sýnast fyrst og fremst eiga heima í þessum lögum. Í 3. málsg. er heimild fyrir ráðherra til þess að setja reglur, sem ákveða, að hluti lögregluliðs skuli gegna störfum hvar sem er á landinu, svo og um verkefni og stjórn þess liðs.

#### Um 3. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um þau atriði, sem fjallað er um í fyrstu fjórum greinum gildandi laga um lögreglumenn, með þeim breytingum, fyrst og fremst, sem fylgja því, að ríkið tekur við rekstri lögreglustarfseminnar af sveitarfélögunum. Þar sem ákvörðunartaka um málefni lögreglunnar kemur samkvæmt hinni fyrirhuguðu breytingu í hendur ráðherra og fjárveitingavalds Alþingis, er eðlilegast að binda ákvæði um fjölda lögreglumanna ekki við fast markaðar tölur, heldur fyrst og fremst við ákvörðun ráðherra og samþykki fjárveitingavaldsins.

#### Um 4. gr.

Í þessari grein felast, efnislega óbreyttar, reglur 5. greinar gildandi laga um lögreglumenn.

#### Um 5. gr.

Óbreytt 6. gr. gildandi laga.

#### Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til ákvæða síðari málslíðar 1. málsgreinar 7. greinar og 3. málsgreinar sömu greinar gildandi laga um lögreglumenn, en breytingar frá gildandi 7. gr. eru fyrst og fremst afleiðing þess, að ríkið á nú að greiða allan kostnað af störfum lögreglumanna, og ráðstafar jafnframt störfum þeirra að fullu.

#### Um 7. gr.

Í þessari grein er að finna, að mestu óbreyttar í öðrum eignum en varðar kostnaðarþátttöku úr héraði, ákvæði 8. gr. gildandi laga um lögreglumenn. Ákvæði þessi fjalla um héraðslögreglumenn, sem fyrst og fremst hafa starfað að löggæzlu á samkomum, en hafa þó sinnt fleiri verkefnum í einstökum umdæmum. Þörf væri á að móta skýrari reglur um störf þessara lögreglumanna, sem segja má að hafi þá almennu sérstöðu, að þeir gegna lögreglumannsstarfi sem aukastarfi. Vætanlega er að mestu hægt að setja slíkar reglur með reglugerð, samkvæmt heimild í þessari grein, enda ekki nú fyrir hendi mótaðar hugmyndir um þær reglur, sem rétt þætti að hafa í lagagreininni fremur en í reglugerð.

Um 8. gr.

Tíðkæpt hefur um langt skeið við tilkvaðningu lögreglumanna til gæzlustarfa vegna sérstakrar þarfar, í sambandi við atvinnustarfsemi eða skemmtanir einstakra aðila, að lögreglustjórar hafa gert sérstaka kröfu um að lögregla sé tilkvödd, og að þá sé jafnframt hlutaðeigandi aðilum gert að greiða kostnað af störfum löggæzlumanna, sbr. um skilyrði fyrir skemmtanaleyfi ákvæði í 4. málsg. 8. greinar gildandi laga um lögreglumenn. Rétt þykir að marka þessa heimild lögreglustjóranna skýrar en gert er í gildandi lögum.

Um 9.—11. gr.

Óbreyttar 9.—11. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Efnislega samsvarandi ákvæðum 12. gr. gildandi laga sbr. einnig ákvæði 8. gr. frumvarpsins.

Um 13. og 14. gr.

Segja má, að ákvæði þessara greina séu að innihaldi til að mestu „gildistöku-ákvæði“, sem tíðkanlegra er að hafa í bráðabirgðaákvæðum aðgreint frá efni og greinatölu lagatexta. Hér þykir þó réttara að hafa á þeim þetta form, þar sem ýmsum atriðum ákvæðanna er ætlað að hafa gildisverkanir um óákveðinn tíma, í og með langt árabíl.

Í 13. gr. er fjallað um viðtöku ríkisins á kostnaðargreiðslunni og greiðslufrákvæmd svo og um tilfærslu lögreglumanna, úr þjónustu sveitar- (og sýslu-) féлага í ríkisþjónustu, svo og ýmis atriði sem þeirri breytingu eru samfara. Um réttindi lögreglumanna til inngöngu í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og flutning á lífeyrissjóðsréttindum þarf ekki sérstök ákvæði, þar sem almenn lagaákvæði eiga við, til úrlausnar í því efni.

Í 14. gr. er fjallað um viðtöku ríkisins á þeim tækjum og búnaði sem aflað hefur verið til lögreglunnar. Sýnist ekki eðlilegt að til greiðslu komi af ríkisins hálfu vegna þeirrar viðtöku. Sama á við um viðtöku ríkisins á afnotum af þeim fasteignum, sem ríki og sveitarfélög hafa sameiginlega lagt lögreglunni til. Meðan slíkt húsnæði er áfram notað til þeirra þarfa, sem það var ætlað til, sýnist ekki rétt að greiðslur komi fyrir afnotin, þótt eignaraðild haldist hjá báðum.